

BORGARRÁÐ 22. júlí 2021: Ítrekun á fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um starfsánægjukönnun slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna - R21030227

Fulltrúi Flokks fólksins sendi inn fyrirspurnir til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins 6. maí sl. um frekari upplýsingar úr starfsánægjukönnun slökkviliðsins á á höfuðborgarsvæðinu. Ekki hafa borist svör og vill fulltrúi Flokks fólksins því ítreka fyrirspurnirnar og að svör berist hið fyrsta. Niðurstöður umræddrar starfsánægjukönnunar komu illa út en þær voru fyrst birtar í nóvember 2020. Þess vegna vildi fulltrúi Flokks fólksins fá nánari upplýsingar um niðurstöðurnar og frekari sundurliðanir.